

Mikil veiði og söltun

Búið að salta í meira en 130.000 tonnur
Þegar búið að selja 225.000 tonnur

Síldveiðarnar hafa gengið mjög vel að undanfögnu og síðustu daga hefur verið mokveiði og stutt á miðin. Í gær var búið að salta í milli 130 og 140 þúsund tonnur og þá var saltað á öllum stöðvum á söltunarsvæðinu. Síldarútvegsnefnd hefur samið um

sölu á 225 þúsund tonnnum af Suðurlandssíld á þessu hausti, þannig að þegar er búið að salta rúmlega helming þess magns.

Eins og komið hefur fram í fréttum var gengið frá sölu á 200 þúsund tonnnum af Suðurlandssíld til Sovétríkjanna. Staðfesting

hefur nú borist fyrir 185 þúsund tonnnum, en Sovétmenn höfðu fyrirvara á 40 þúsund tonnnum þegar samningurinn var gerður. Þessu til viðbótar hafa verið seldar 40 þúsund tonnur til Svíþjóðar og Finnlands og er hluti þessa magns sérverkuð síldarlök til

Svíþjóðar.

Í fyrra var saltað samtals í 245 þúsund tonnnum, en þá fór 60% síldaraflans í salt, 37% til frystingar og 3% í bræðslu, en það sem af er þessari síldarvertíð hefur svo til allur síldaraflinn farið í salt.

Fituinnihald síldarinnar hefur verið mun minna í haust en á sama tíma í fyrra og lítið af stórrí síld í aflanum. Þá hefur það valdið erfiðleikum hve mikið átmagn hefur verið í síldinni frá sumum veiðisvæðum og er það óvenjulegt miðað við árstíma.

-S.dór

Ísafjörður

Símamálið ekki til saksóknara

Símamálið svokallaða sem undanfarna daga hefur staðið yfir hjá bæjarfógeta á Ísafirði verður tæplega sent saksóknara. Pétur Hafstein bæjarfógeti og sýslumaður sagði í samtali við Þjóðviljann um miðjan dag í gær að miðað við það sem þegar væri fram komið sýndist honum þetta málefni ekki þess eðlis að það ætti að sæta opinberri ákæru. Hann myndi að öllum líkindum senda niðurstöður rannsóknarinnar til kærands, póst- og símamálastjóra. Framhaldið væri svo undir hinum síðarnefnda komið.

Þegar tal náðist af Péttri átti fulltrúi hans eftir að taka skýrslu af einum símavarða, en ekki var búið við að framburður hans breytti niðurstöðum. Fimm símamenn höfðu verið yfirheyrðir í gær.

Tilrög eru þau að sunnudaginn 21. október samþykkti Kjaradeilunefnd að haldið skyldi uppi símasambandi við fjóra hreppa í Djúpi umfram öryggis- og neyðarþjónustu. Þetta var gert næsta dag á venjulegum símatíma, 9-12, en BSRB mótmælti úrskurði nefndarinnar og stöðvudu verkfallsverðir símaþjónustuna. Það kærði póst- og símamálastjóri og sér bæjarfógetinn á Ísafirði um rannsókn sem lög-reglugjafirvald.

-m

Kirkjuþing hófst í gær

Hið árlega kirkjuþing þjóðkirkjunnar var sett í gær. Hófst það með guðsþjónustu í Hallgrímskirkju og prédikaði sr. Þorbergur Kristjánsson. Þingið mun standa í 10 daga og verða fundir þess í safnaðarsal Hallgrímskirkju.

Pingfulltrúar, kjörnir úr kjördæmum landsins, eru 20, 10 prestar og 10 leikmenn. Auk þess sitja kirkjuþing fulltrúar frá guðfræðideild Háskólans, prestum í sérþjónustu og kirkjumálaráðuneyti. Þá eiga vígslubiskupar og kirkjumálaráðherra sæti á kirkjuþingi, auk biskups, sem stjórnar því.

Sex mál frá Kirkjuráði liggja nú fyrir kirkjuþingi. Meðal þeirra er svonefnt starfsmannafrumvarp kirkjunnar, sem kveður á um verksvið og stöðu hinna ýmsu starfsmanna kirkjunnar. -mhg



Fulltrúar stjórnarandstöðunnar lýstu ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í gærmorgun. Frá vinstri Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, Svavar Gestsson og Guðmundur Einarsson. Ljós. Atli.

Stjórnarandstaðan

Stjórnin ber ábyrgðina

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar komu saman til fundar með Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra í gærmorgun til að ræða stöðu kjaramála. Ítrekuðu þeir þá afstöðu sem fram hefur komið á Alþingi, að ríkisstjórnin bæri ábyrgð á kjaradeilu opinberra starfsmanna og að einstakir talsmenn stjórnarflokkanna efndu til úlflúðar í

stað þess að reyna að ná sáttum. Þá lýstu stjórnarandstæðingarnir því yfir, að af þeirra hálfu kæmu lög gegn verkfallinu ekki til greina. Var enn fremur lögð áhersla á kjarajöfnun og nauðsyn þess að rétta hlut kvenna sérstaklega. Þau bentu og á nauðsyn kjaratryggingar til þess að koma í veg fyrir að launafólk verði svipt árangri kjarabaráttunnar.

- v.

Kjarvalsstaðir

Gestum vísað frá

Hundruð boðsgesta urðu að hverfa frá opnun sýningar Steinunnar Marteinsdóttur á Kjarvalsstöðum sl. laugar- dag. Það voru verkfallsverðir BSRB sem komu í veg fyrir að húsið yrði opnað. Sýning hennar og fleiri listamanna hafði,

verið auglýst í blöðum og Steinunn hafði sent út boðskort til hundruða boðsgesta.

Steinunn sagði í samtali við blaðið að opnun sýningarinnar hafi verið ákveðin í miðri vikunni sem leið í samráði við ædstu starfsmenn stofnunarinnar. Sagðist hún ekki hafa vitað betur en að leyfi hafi legið fyrir á föstu-

dag, en síðan hafi það verið afturkallað.

Steinunn sagði að lokun Kjarvalsstaða bitnaði eingöngu á listamönnum. Hér er allt í hers höndum og ekki hægt að fram- lengja sýningar. Ég held að verkfallsverðirnir hafi haft alla samúð með mér og vart vitað til hvers þeir voru að loka, enda varð þetta ekki til þess að vekja samúð með verkfallinu á meðal við- staddra, sagði Steinunn.

Þeir hjá verkfallsnefnd BSRB

sögðu að Kjaradeilunefnd hefði á sínum tíma veitt undanþágu til öryggisgæslu og vörslu á lista- verkum að Kjarvalsstöðum. Slík undanþága næði þó ekki til rekstrar listamiðstöðvarinnar. Engin umsókn hefði borist um undanþágu til rekstrar fyrir en á sunnudag, en henni hefði þá verið hafnað. Verfall BSRB bitnar óhjákvæmilega á aðilum sem við eignum ekkert sökott við, sögðu þeir hjá verkfallsnefnd BSRB.

ólq.